



## LJÓSMYNDAMARAÐON

Ljósmyndamaraðon verður haldið frá 1.-8. maí þar sem börnum á öllum aldri er gefinn kostur á að taka þátt, skoða nærumhverfið og leyfa sköpunargleðinni að taka völdin. Keppt verður í fjórum flokkum, verðlaun veitt í hverjum flokki fyrir 1. sæti og eru flokkarnir eftirfarandi: -9 ára, 10-13 ára, 14-15 ára og opinn flokkur. Keppnin er því fyrir íbúa á Svalbarðsströnd á öllum aldri.

Viðfangsefnum er skipt í fjóra flokka: litir, fegurðin í hinu smáa, fjaran og mannlífið á Svalbarðsströnd.



Dómnefndin hefur hugmyndaauði og myndbyggingu í huga við val á myndum. Þegar myndum er skilað þarf að taka fram nafn myndasmiðs, aldur og þann flokk sem myndin fellur undir.

Svalbarðsstrandarhreppur áskilur sér rétt til að birta þær myndir sem berast á heimasíðu sveitarfélagsins og í kynningarefni á vegum sveitarfélagsins. Myndir í kynningarefni verða birtar undir nafni myndasmiðs. Laugardaginn 11. maí verða ljósmyndir í keppninni til sýnis í Valsárskóla og í Ráðhúsinu, verðlaun verða afhent og sigurvegarar hylltir.

Hægt er að skila ljósmyndum á netfangið mynd@svabardsstrond.is eftir 1. maí og lokadagur er 8. maí. Við hvetjum alla til þess að taka þátt, nýta síma og myndavélar til þess að fanga stundina og fegurðina í umhverfi okkar.

Með ljósmyndakveðju, Svalbarðsstrandarhreppur

## RAFMA GNSLEYSI 24. APRÍL

Miðvikudaginn 24. apríl verður rafmagnslaust í Laugartúni, Valsárskóla og Álfaborg á milli klukkan 10-15. Starfsmenn RARIK verða við vinnu á svæðinu og vonandi verða íbúar ekki fyrir mikilli truflun þessa tíma sem vinna fer fram.



## UMHVERFISDAGUR 11. MAÍ

Umhverfisdgur Svalbarðsstrandar verður þann 11. maí nk. Við komum saman við Ráðhúsið kl. 10, fáum ruslapoka og skiptum okkur niður á svæði meðfram Þjóðveginum. Við verðum með gul vesti, en gott er að fólk hafi með sér vinnuhanska.



Eftir ruslatínluna munum við eiga góða stund, gæða okkur á pylsum, úrslit verða kynnt í ljósmyndamaraboni Svalbarðsstrandar sem stefnt er á í byrjun maí og sundlaugin verður opin.

Við hvetjum íbúa sveitarfélagsins til að huga að lóðum, skurðum og landi í sínu nærumhverfi þessa vordaga, til þess er m.a. gott að nota samþykta umhverfisstefnu til viðmiðunar varðandi lág-mörkun sjónrænna áhrifa vanhirtra bygginga, bifreiða, véla og tækja. Umhverfisstefnuna má nálgast á heimasíðu Svalbarðsstrandarhrepps [www.svalbardsstrond.is](http://www.svalbardsstrond.is).

Margar hendur vinna létt verk, vinnum saman að fegurð sveitarfélagsins okkar.

Með kærri kveðju umhverfis- og atvinnumálanefnd

---

## ÚRGANGUR FRÁ GÖRÐUM OG MEÐFERÐ ELDS

Við Tjarnartún er safnað úrgangi frá görðum íbúa í Svalbarðsstrandarhreppi og hann urðaður þar. Lífrænn úrgangur, greinar og gras eiga heima í þessum haug en timbur og grófari úrgangur fer á Gámasvæði. Íbúar geta nálgast moltu á sama stað og er efnið hentugt til garðavinnu.

Nú þegar vorið virðist vera komið, blóm og tré að lifna af dvala vetrar er rétt að ítreka að varlega sé farið með eld. Opinn eldur krefst varúðar og eftirlits, hvort sem um ræðir grill eða kertaljós og í þurrkatíð eins og nú hefur verið er náttúran viðkvæm. Óheimilt er að kveikja eld á víðavangi, á lóðum eða annars staðar utan dyra þar sem almannahætta getur stafað að eða hætt er umhverfi, gróðri, dýralífi eða mannvirkjum. Gæta skal ýtrustu varkárni við notkun búnaðar sem valdið getur íkveikju utan dyra.

---

## SKOÐUNARKÖNNUN UM SORPHIRÐU

Niðurstöður skoðunarkönnunar um sorphirðu er aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins [www.svalbardsstrond.is](http://www.svalbardsstrond.is). Öllum þeim sem tóku þátt er þakkað fyrir skýr svör og góðar ábendingar.

---

## KORTLAGNING OG EYÐING ÁGENGRA TEGUNDA, KERFILS OG NJÓLA

Kortlagning á þeim svæðum sem ágengar tegundir eru að festa rætur í Svalbarðsstrandarhreppi, er hafin. Gert er ráð fyrir að þessi svæði verði slegin uppúr miðjum júní auk þess sem verið er að athuga með að grafa upp, nota kló eða tættara til þess að ná upp rótum. Þeir sem vilja koma ábendingum um staði þar sem ágengar tegundir eru að skjóta rótum er bent á að senda póst á [postur@svalbardsstrond.is](mailto:postur@svalbardsstrond.is).

---

### BÓKASAFN

Bókasafn Lestrarfélags Svalbarðsstrandar er á skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps við Valsárskóla. Það er opið á mánudögum 17:00–19:00, en þess utan er hægt að komast á safnið þegar skrifstofan er opin.



Ýmsar fastar ákrifir: Ástarseriur, Vikan, þjónablaðið Tinna o.fl. Jólábækurnar og bækur af bókamarkaði.

Allir velkomnir að kíkja á safnið.

---

### LANGAR ÞIG AÐ VÍKKA SJÓNDEILDARHRINGINN?

AFS er að leita eftir fjölskyldum sem eru til í að hýsa skiptinema hjá sér í ár. AFS eru skiptinemasamtök á heimsvísu sem leyfa fólki að kynast nýrri menningu og nýju samfélagi. Í ár eru 25 skiptinemar að koma til Íslands og þeim vantar frábæra fósturfjölskyldu til að búa hjá.



Hægt er að nálgast meiri upplýsingar á heimasíðunni [AFS.is](http://AFS.is)

---

### FJÁRÖFLUN 8.-10. BEKKJAR

Krakkarnir í Valsárskóla 8.- 10. bekkur eru að safna fyrir útskriftarferðinni sinni ásamt skólafélögum úr Valsárskóla. Þau erum með þennan salernispappír til sölu:

WC pappír 48 stk á 7.000.-

WC pappír 24 stk á 3.500.-

Kirkland WC pappír 40 rúllur á 5.000.-

Gæðapappír sem er keyrður heim að dyrum!

Endilega hafið samband við Fjölu Þórhalls, Smáratúni 1, í síma 892-0773.

---

# SAFNASAFNIÐ

Velkomin á opnun laugardaginn 11. maí 2019, haldið er upp á 20 ára afmæli samstarfs Valsárskóla og Safnasafnsins.

## Útgáfur

Karl Kjerulff Einarsson, Dunganon, Hertogi af St. Kilda

Sýnisbók safneignar III, Fuglar

Sýnisbók safneignar IV, Kiko-korriró

## Sýningar

### **Anddyri**

Ragnar Bjarnason frá Öndverðarnesi (1909-1977), Reykjavík - steypar málaðar höggmyndir (langtímalán)

Valdimar Bjarnfreðsson, Vapen (1932-2018), Reykjavík - málverk (safneign)

Valsárskóli og Leikskólinn Álfaborg - Heimabyggð (eign nemenda)

### **Miðrymi**

Fuglar (safneign), síðara sýningarár, sjá Sýnisbók safneignar III, Fuglar

### **Brúðusafn**

Grenivíkurskóli - Sjálfsmyndir (eign nemenda)

### **Vestursalur**

11.05.1-1.07.: Valdimar Bjarnfreðsson, Vapen (1932-2018), Reykjavík - málverk (safneign)

13.07.-30.09.: Nordic Outsider Art Tour, norræn frandsýning sem Safnasafnið tekur þátt í

### **Austursalur**

Rúna Porkelsdóttir, Amsterdam/Hjalteyri - innsetning, grafík, bókverk, þrykkt efni,

tímarit (safneign). Ljósmyndir, þrykkplötur (eign höfundar)

**Verslun Ásgeirs G. Gunnlaugssonar & Co**  
Ilmvatnsflöskur, sýndar í glerskáp, gefnar af Söru Hólm, Akureyri (safneign)

Íslenskur búningur, nýsaumaður (höfundur/eigandi Magnhildar Sigurðardóttur)

### **Suðurstofa**

Atli Már Indriðason, Reykjavík - túss- og vatnslitamyndir (eign höfundar)

Guðrún Hadda Bjarnadóttir, Fífilhvanmi, Eyjarjarðarsveit - ofnar barnateikningar (eign höfundar)

### **Bókastofa**

Sigrún V. Berndsen, Reykjavík - málverk af spegli (safneign)

Valborg Salóme Ingólfssdóttir, Reykjavík - skreyttur spegill (safneign)

### **Norðursalir**

Auður Lóa Guðnadóttir, Reykjavík - skúlptúrar (eign höfundar)

Eygló Harðardóttir, Reykjavík - innsetning (eign höfundar), Eygló hlaut nýlega Myndlistarverðlaun Íslands 2019

Steingrímur Eyfjörð, Reykjavík - Fallegur leikur, skákinnsetning sýnd á Biennialnum í Feneyjum 2003 (safneign)

### **Langisalur**

Pórður G. Valdimarsson, Kiko korriró - skúlptúrar, teikningar (safneign). Klippi-myndir í eigu dánabús höfundar

Opið frá kl. 10-17 daglega fram í september